

## Fagráðsfundur 10. desember 2007 kl 13:00 Bændahöllinni v/ Hagatorg

Mættir: Þórólfur Sveinsson, Svana Halldórsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Bragi Línadal Ólafsson, Grétar Hrafn Harðarson, Gunnar Guðmundsson, Halldór Runólfsson, Magnús B. Jónsson, Sigurður Loftsson og Baldur Helgi Benjamínsson. Þórarinn Leifsson tók þátt í gegnum síma.

### Dagskrá.

1. Þórólfur Sveinsson setur fund, kynnir fundarmenn og býður velkomna. Fer lauslega yfir helstu lagaákvæði um fagráð. Tillaga um Gunnfríði Hreiðarsdóttir sem ritara og Þórólf Sveinsson sem formann samþykkt.

Næsta mál á dagskrá er tillaga að SAM verði boðið að eiga fulltrúa á fagráðsfundum. Rætt um SAM m.a spurt hvort Mjólka hafi gerst aðili að samtökunum, Þórólfur kveður svo ekki vera.

Tillaga um fulltrúa SAM samþykkt án athugasemda.

2. Rætt var um skipan í ræktunarhóp. Vinnuhópur um ræktunarmál byggir á búfjárræktarnefnd eins og sjá má í lögum 84/1989 um búfjárrækt en þar er gert ráð fyrir að sitji ásamt landsráðunaut í nautgriparækt, tveir héraðsráðunautar og tveir fulltrúar bænda.. Skipan vinnuhópsins er í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um búfjárrækt og staðfest með bréfi frá Landbúnaðarráðuneyti þann 11.7.1997

Lagt er til af formanni fagráðs að eftirtaldir aðilar skipi ræktunarhóp.

Magnús B. Jónsson, landsráðunautur í nautgriparækt, formaður

Baldur Helgi Benjamínsson, Landssambandi kúabænda

Friðrik Jónsson, ráðunautur Búnaðarsamtökum Vesturlands

Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur Búnaðarsambandi Suðurlands og er hann ritari vinnuhópsins.

Guðmundur Steindórsson, ráðunautur Búnaðarsambandi Eyjafjarðar

Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum

Gunnfríður Hreiðarsdóttir, Bændasamtökum Íslands

Sigurgeir Hreinsson, Hríshóli

Sigurmundur Guðbjörnsson, bústjóri uppeldisstöðvar Nautastöðvar BÍ

Sveinbjörn Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Nautastöðvar BÍ

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands

Áðurnefndir aðilar sækja nú fundi ræktunarhóps. Formaður telur að ekki sé ástæða til að greina í sundur þá einstaklinga sem nú skipa ræktunarhópinn. Magnús B bendir á að hefð hafi skapast fyrir skipaninni 3 héraðsráðunautar og að þeir skiptist jafnan þannig að einn komi frá Búnaðarsambandi Suðurlands og annar frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar en sá þriðji komi frá einhverju hinna svæðanna. Þeir ásamt Landsráðunaut og tveim fulltrúum bænda skipi ræktunarhóp og þannig sé þessi vinnuhópur rökrétt framhald af áðurnefndri búfjárræktarnefnd, en aðrir aðilar hafi komið inn sem starfsmenn er vinni að ýmsum málum varðandi kynbótamat, vinnslu ganga og þar séu einnig starfsmenn Nautastöðvar Bændasamtakana og Uppeldisstöðvarinnar í Þorleifskoti. Bent er á í þessu samhengi að fyrri framkvæmdastjóri LK hafi ekki sótt fundi ræktunarhóps. Formaður telur eðlilegt að meðlimir ræktunarhóps séu blanda ákveðinna fulltrúa og einstakra manna. Skiptar skoðanir eru en menn eru fremur á þeirri skoðun að smærri hópur verði ábyrgur fyrir störfum ræktunarhóps en hafi starfsmenn sér til aðstoðar. Bent er á að LbhÍ eigi ekki fulltrúa í áðurnefndir upptalningu og í framhaldi því varpað fram hvort ekki sé eðlilegt að t.d Þorvaldur Árnason eigi erindi í ræktunarhópinn. Þrátt fyrir að menn virðist almennt sammála um að eðlileg skipan ræktunarhóps sé færri fremur en fleiri leggur formaður til að afgreiðslu málsins verði frestað til næsta fundar. Mun sá fundur að öllum líkindum verða áður en ræktunarhópurinn hittist aftur.

3. Umsókn LbhÍ til Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins vegna verkefnisins „*Verðmæti íslenska kúakynsins og verndun ef til innflutnings nýs kúakyns kemur*” Magnús B Jónson telur sig vanhæfan til að fjalla um þetta mál á grundvelli þess að hann sé einn umsækjanda. Gunnfríður Elín einnig starfandi landsráðunautur mun því greiða atkvæði komi til atkvæðagreiðslu. Þórólfur og Baldur Helgi leggja fram „**Drög að umsögn Fagráðs í nautgriparækt um umsókn Landbúnaðarháskóla Íslands „Verðmæti íslenska kúakynsins og verndun ef til innflutnings kemur”**” Plagg þetta hefur ekki verið lagt fyrir fundarmenn fyrir fundinn og benda menn á þann annmarka í þeim umræðum sem skapast um efni plaggsins og setja fyrirvara um að samþykka þar sem þar stendur fyrr en tími hefur gefist til að kynna sér innihald plaggsins. Einnig koma menn inn á að þetta sé óvenjuleg málsmeðferð innan fagráðs að mál séu tekin fyrir og afgreidd á þennan hátt

Eftir ítarlega umfjöllun um umsóknina skilaði fagráð eftifarandi umsögn um málið:

**Til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins**

**11.12.2007.**

**Umsögn Fagráðs í nautgriparækt um umsókn Landbúnaðarháskóla Íslands „Verðmæti íslenska kúakynsins og verndun ef til innflutnings kemur”.**

## I.

Umsögn Þórólfs Sveinssonar, Þórarins Leifssonar og Sigurðar Loftssonar

Umsögnin er í nokkrum liðum sem miðaðir eru við einstaka þætti umsóknarinnar

1. Nú er í gangi umræða um innflutning afkastameira kúakyns til nota í íslenskri nautgriparækt. Fagrád telur því eðlilegt að unnin verði greinargerð um grunnforsendur stofnverndar íslenska kúakynsins. Umrædd greinargerð taki mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands og þar komi m.a. fram nauðsynleg stofnstærð. Jafnframt þarf að koma fram hvort alþjóðlegar skuldbindingar mæla fyrir um landfræðilega dreifingu stofnsins og önnur hagnýt atriði sem Ísland kann að hafa skuldbundið sig til að uppfylla. Ekki kemur fram í umsókninni hvernig að þessu mati yrði staðið en Fagrád leggur áherslu á að kannað verði sérstaklega hvernig aðrar þjóðir sem tekið hafa í notkun önnur kúakyn en þau sem fyrir voru í landinu hafa staðið að þessum málum, enda hljóta alþjóðlegar skuldbindingar að kalla á alþjóðleg vinnubrögð. Sérstaklega verði kannað hvort einhver dæmi eru um að beiting þessa ákvæðis hafi áhrif á möguleika kúabænda í viðkomandi landi til að velja þau kúakyn sem þeir telja hagkvæmest hverju sinni. **Fagráði er ljóst að þetta getur aukið kostnað við þennan þátt umsóknarinnar en mælir með að þessi þáttur verði unninn.**
2. Í kaflanum „Viðfangsefnið, bls. 2 í greinargerð," er einungis gert ráð fyrir að vinna með tvo valkosti. Fagrád telur óhjákvæmilegt að setja inn nýjan valkost í samanburðinn. Millileið sem byggir á ræktunarlegum og/eða markaðslegum forsendum. Hins vegar er ekki tímabært að fjallað sé um fjármögnun verndunarinnar fyrr en niðurstaða liggur fyrir úr lið 1, og séð verður á hvaða forsendum hugsanleg umsókn verður sett fram.
3. Í umsókninni er gert ráð fyrir að meta „virði íslenska kúastofnsins sem erfðahóps, bæði útfrá erfðafræðilegu sjónarmiði og einnig byggt á viðhorfum almennings til stofnsins". Fagrád hefur þegar mælt með fjárstuðningi til verkefnis sem Landbúnaðarháskóli Íslands vann. Þar voru framleiðutengdir eiginleikar íslenska kúakynsins bornir saman við eiginleika fjögurra annarra kúakynja. **Fagrád lítur því svo á að ekki séu efni til að halda áfram að meta virði þeirra framleiðslutengdu eiginleika sem þegar hafa verið bornir saman. Hinsvegar er áhugavert að vinna umræddan samanburð út frá erfðafræðilegum og ræktunarlegum forsendum.**

4. Í umsókninni er gert ráð fyrir að kanna afstöðu almennings til núverandi kúakyns, en ekki kemur fram á hvaða forsendum. Af þegar gerðum skoðanakönnunum verður að ætla að það skipti mjög miklu máli hvernig er spurt og á hvaða forsendum. **Fagráð vill kanna þennan þátt betur áður en umsögn er gefin.**
  
5. Hvað önnur atriði í umsókninni varðar, *t.d. umfang opinbers stuðnings og form hans, sem og forgangsroðun fjármuna vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga*, þá snúa þau að því sem telja verður stéttarleg og pólitísk mál og liggja því almennt utan verksviðs Landbúnaðarháskóla Íslands. **Fagráð telur því ekki efni til að mæla með stuðningi við þennan hluta verkefnisins.**
  
6. Fagráð bendir á að kýrin sé atvinnutæki kúabóndans og honum háð um tilvist sína. Því hljóta sjónarmið kúabænda sem atvinnurekanda að vera eitt af því litið er til í þessu máli, en þess sér tæpast nokkurn stað í greinargerðinni.

## II.

Sérálit Gunnfríðar Elínar Hreiðarsdóttur og Svönu Halldórsdóttur

Tekin er til umfjöllunar áður nefnd umsókn Lbhí

Forsvarsmaður umsóknar er Ágúst Sigurðsson rektor Lbhí. Verkefnisstjóri er Emma Eypórsdóttir dósent við Lbhí. Aðrir umsækjendur eru Daði Már Kristófersson, sérfræðingur í hagfræði hjá BÍ, Grétar Hrafn Harðarson, lektor við Lbhí og Magnús B. Jónsson Landsráðunautur hjá BÍ og prófessor við Lbhí.

Rannsókn sú sem hér er lýst mun verða sú fyrsta sinnar tegundar hvað varðar íslenska kúastofninn. Undirritaðir aðilar Fagráðs í nautgripærækt telja að ekki leiki vafi á því að slík rannsókn sé löngu tímabær og í ljósi umræðu um innflutning nýs kúakyns sé forgangsatriði að ráðast í mat á verðmæti núverandi kúakyns í víðu samhengi.

Ljóst er að Íslendingar hafa gerst aðilar að alþjóðlegum skuldbindingum hvað varðar viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og í ljósi þess og áður nefndrar umræðu um nýtt kúakyn, er nauðsynlegt að skoða hverjar þær skuldbindingar eru. Órjúfanlegur hluti slíkrar skoðunar verður að teljast mat á þeim erfðafræðilegu verðmætum sem um er að ræða, þar sem aðgerðir samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum munu óneitanlega taka mið að þeim efnivið sem fyrir hendi er.

Saga okkar og landfræðileg staðsetning gerir það að verkum að okkar búfjáarkyn eru um margt sérstök. Líkt og með önnur íslensk búfjáarkyn, hlýtur það að vera markmið okkar að vera leiðandi aðilar í rannsóknum sem snúa að íslenska kúakyninu og taka með því frumkvæði í að marka framtíðarstefnu hvað það varðar. Ábyrgðin liggur í okkar höndum og megum við ekki skorast undan henni heldur taka frumkvæði í stefnumörkun hvað þetta varðar.

Ekki þarf að draga í efa hæfi umsækjanda enda fara þar fræðimenn er hafa umtalsverða reynslu á sínu fræðasviði sem og almennt hvað varðar skipulag og framkvæmd rannsókna. Teljum við að heilt á litið sé rannsókna og verkáætlun skýr miðað við þær kröfur sem gerðar eru til umsókna á þessum vettvangi. Því er vart ástæða til að fara þar í einstaka hluti, enda eru mismunandi þættir áætlunarinnar settir fram sem hluti af heildaráætlun þar sem komið er inn á fjölmarga þætti sem talið er vert að skoða með hliðsjón af markmiði verkefnisins. Teljum við ástæðu til að leggja áherslu á nauðsyn þess að kanna þessa þætti til hins ýtrasta, eftir því sem kostur er, fremur en að draga úr vægi einstakra þátta.

Rannsóknáætlun þarf ávalt að skoða í heild sinni enda hafa þeir sem að henni standa sett hana fram sem heildstæða áætlun sem þeir telja rökrétta í ljósi þeirra rannsóknasurninga er varpað er upp. Ávalt skal varast að beita aðferðum sem hugsanlega gætu talist miða að því að beina rannsóknum að ákveðinni niðurstöðu og þar með stofna sjálfstæði og trúverðugleika viðkomandi rannsóknar í hættu.

Undirritaðir aðilar Fagráðs í nautgriparækt mæla með því að Framleiðnisjóður Landbúnaðarins veiti umbeðin styrk til verkefnisins „Verðmæti íslenska kúakynsins og verndun ef til innflutnings kemur” samkvæmt þeirri rannsókna og verkáætlun er fyrir liggur frá umsækjendum. Teljum við að rannsókn sem þessi muni án efa bæta umtalsvert við þekkingu okkar á verðmæti íslenska kúakynsins og marka upphafsskref að frekari rannsóknum.

3. Grein er gerð fyrir væntanlegri umsókn um fjárstuðning. Landbúnaðarstofnun, Landssamband kúabænda og hugsanlega landbúnaðarráðuneyti leita leiða til unnin verði áhættugreining vegna garnaveiki og hvaða forsendur séu til að hefta ferðafrelsi lifandi nautgripa á þeim forsendum. Þórólfur áréttar að nauðsynlegt sé að leita faglegra lausna havð þetta mál varðar. Halldór Runólfsson nefnir að vaxandi óánægju gæti meðal bænda vegna takmarkana á flutningi nautgripa og telur nauðsynlegt að leysa þetta mál og segir málin vera í farvegi. Þar er um að ræða samstarf milli LK og Landbúnaðarstofnunar.

Síðasta skipulagða mál fundarins er umfjöllun um kálfadauðaverkefni. Magnús B. gerir grein fyrir helstu þáttum. Þar á meðal að ekki séu allar greiningar komnar í hús og þar á meðal sé enn beðið eftir heyefnagreiningum og selenmælingum vegna blóðefnagreiningar. Telur að fyrstu vísbendingar bendi í átt til fóðrunar og hirðingar. Grétar Hrafn bendir á háa tíðni burðarerfiðleika og að athyglisvert sé að sjá hversu stórir kálfar séu að fæðast hjá fyrstakálfs kvígum. Umræða spinnst um hvort væntanlegur burðardagur sé skráður og þá hvort þetta vandamál geti tengst mikilli notkun heimanauta á

fyrstakálfs kvígur. Magnús B tekur einnig fram að atferlisathuganir í Hvanneyrarfjósi gefi ákveðnar atferlislegar vísbendingar sem gætu verið áhugaverðar m.t.t hönnunar á burðarstíum o.þ.h. Nefnir hann einnig sérstaklega þátt Sigurðar Sigurðarsonar í verkefninu og að hann eigi miklar þakkir skyldar fyrir sín störf. Nokkur umræða spinnst um verkefnið og einstaka þætti þess. Magnús segir að lokum að þrátt fyrir að enn sé beðið eftir einstökum þáttum greininga sé stefnt að því að kynna niðurstöður eftir föngum á Fræðapingi Landbúnaðarins 2008.

Önnur mál:

Rætt er lítillega um nýtt skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt og að vinna við það kerfi sé komin á fullt skrið.

Fundi slitið kl. 16:30

GEH